

ÞINGGERÐ

42. ÞINGS U.M.S.K.

maers 1965

PINGGERÐ

42. PINGS U.M.S.K.

ÞINGGERÐ

42. þings U. M. S. K.

42. Þing Ungmennasambands Kjalarnesþings var haldið í Félagsheimili Kópavogs, sunnudaginn 7. marz 1965.

Mættir voru fulltrúar frá fjórum sambandsfélögum auk tveggja áheyrnar - fulltrúa frá Æskulýðsfélaginu "Stjarnan" í Garðahreppi.

I. Þingið var sett kl. 10.40 f.h. af sambandsformanni, Hauki Hannesyni, sem bauð þingfulltrúa velkomna til þingsins, sérstaklega bauð hann velkomna Gísla Halldórsson, forseta Í. S. Í. og Svein Björnsson, stjórnarmeðlim Í. S. Í., sem voru gestir þingsins.

Var síðan gengið til dagskrár.

II. Kosin var kjörbréfanefnd, skipuð þessum mönnum: Sigurður Skarphéðinsson, Guðmundur Óskarsson, Haraldur Jónsson.

Nefndin tók þegar til starfa, en á meðan beðið var eftir áliti hennar, gaf formaður Gísla Halldórssyni, forseta Í. S. Í. orðið.

Flutti hann kveðjur og árnaðaróskir frá stjórn Í. S. Í. Gísli ræddi síðan nokkuð um þau mál ípróttasamtakanna, sem efst eru á baugi, m. a. happdrætti, ípróttablaðið, blaðafulltrúa fyrir hin sérstöku sambönd, sumar-búðir (æfingabúðir), fjárhagsspursmálin o. fl. Að síðustu þakkaði hann gott samstarf við U. M. S. K.

Sambandsformaður þakkaði forseta hlý orð og kveðjur til sambandsins.

III. Alit kjörbréfanefndar, Sigurður Skarphéðinsson, formaður nefndarinnar, skýrði frá kjörbréfum, og kynnti þingfulltrúa, sem voru þessir:

Frá U. M. F. Breiðablik:

Ingólfur Ingólfsson

Daði Jónsson

Gestur Guðmundsson

Guðmundur Óskarsson

Þórður Guðmundsson

Frá U.M.F. Breiðablik frh. :

Grétar Kristjánsson
Hörður Ingólfsson
Steinar Lúðvíksson
Sigurður Geirdal, form. félagsins.

Frá U.M.F. Afturelding :

Jón M. Guðmundsson
Guðni Hermannsson
Arni Flemming
Baldur Magnússon
Einar Kristjánsson
Jón Magnússon
Eyjólfur Magnússon, form. félagsins.

Frá U.M.F. Drengur :

Einar Ellertsson
Karl Karlsson
Magnús Sæmundsson
Hulda Þorsteinsdóttir
Haraldur Jónsson, form. félagsins.

Frá U.M.F. Bessastaðahrepps :

Auðunn Sveinbjörnsson
Jón Höskuldsson
Hallgrímur Sigurðsson
Úlfar Armannsson, form. félagsins.

Frá Æskulýðsfélaginu Stjarnan :

Aheyrnarfulltrúar : Birgir Guðmundsson
Rögnvaldur Hjörleifsson, form. félagsins.

Framsögumaður gat þess, að ekkert kjörbréf hafi borizt frá U.M.F. Kjalnesinga, og engir fulltrúar mættir frá því.

IV. Kosnir forsetar þingsins :

1. forseti Jón M. Guðmundsson
2. forseti Sigurður Geirdal

Ritarar voru kosnir:

Úlfar Ármannsson og Gestur Guðmundsson

V. Kosning kjörnefndar. Þessir hlutu kosningu: Sigurður Geirdal, Haraldur Jónsson, Hallgrímur Sigurðsson og Baldur Magnússon.

VI. Skýrsla stjórnarinnar:

Sambandsformaður Haukur Hannesson, skýrði frá starfsemi sambandsins á árinu. Hann gat þess, að félagatala innan sambandsins hafi aukist á s.l. ári, og væru því nú 680 talsins. Þá skýrði hann frá íþróttamótum á vegum sambandsins. Sveinamót í frjálsum íþróttum var haldið um mitt sumar, og framkvæmd á því sá U.M.F. Bessastaðahrepps um. Þátttaka hafi verið góð og árangur sæmilegur. Héraðsmót í frjálsum íþróttum var haldið seinni part sumars, framkvæmd þess annaðist U.M.F. Breiðablik, og var það haldið í Kópavogi. Aðeins 2 félög hafi sent þangað keppendur, og harmaði formaður og litla þátttöku í mótinu.

Þá gat hann þess, að hin árlega fjöggra bandalagakeppni hafi fallið niður, U.M.S.K. hafi ætlað að sjá um keppnina, en áhugi hinna sambandanna hafi lítil verið og ýmsu borið við, svo ekkert varð úr þeirri keppni, formaður skaut því inn í, að ástæða væri til að athuga hliðstæða keppni, við þau ungmennasambönd sem voru nær okkar félagssvæði, og væri það verkefni næstu sambandsstjórnar að leysa það mál. Svæðakeppni í knattspyrnu hafi farið fram í sumar, vegna landsmótsins að Laugarvatni, og tók U.M.S.K. þátt í þeirri keppni, liðið hafi verið skipað eingöngu mönnum frá U.M.F. Breiðablik. U.M.S.K. hafi unnið Héraðssambandið Skarphéðinn, gerði jafntefli við Keflavík, en tapaði fyrir Keflavík í endurteknum leik, og næði því ekki þátttöku á landsmótinu, þar sem útsláttarkeppni væri um að ræða.

Svæðakeppni hafi einnig farið fram í handknattleik kvenna, og átti U.M.S.K. að keppa við Ungmennasamband Borgarfjarðar, sem þeir síðarnefndu gáfu leikinn, síðari leikur U.M.S.K. við Snæfellinga hafi ekki farið fram, og í sambandi við þann leik væru sögulegir atburðir, sem hann sagðist ekki orða frekar á þessu stigi málsins.

Íþróttakeppni hafi farið fram innan tveggja sambandsfélaga, U.M.F. Bessastaðahrepps, og mörg mót hjá U.M.F. Breiðablik. Þá gat hann þess, að íþróttakennari, ráðinn af sambandsstjórn hafi heimsótt félögin um tíma, en þátttaka hafi verið lítil, og harmaði formaður það, hve íþróttastarfið væri lítið innan nokkra sambandsfélaga. Það þurfi að auka

með einhverjum ráðum. Örfu þurfi áhuga unga fólksins fyrir íþróttum, og auka fjármagn til íþróttamálanna.

Formaður gat þess, að starfsíþróttir hafi alveg legið niðri á árinu, og væri ástæðan sú meðal annars, að leiðbeinandi í þeim hafi ekki verið fánlegur, það þurfi endurbóta við. Gengið hafi verið frá spjaldskrá fyrir sambandsfélögin, og væri áriðandi, að þau héldu hana nákvæmlega, hefði sambandið hana til sölu fyrir félögin. Þá skýrði hann frá því, að reikningsár félaganna væri búið að sameina, og miðaðist það við 1. október. Formaður gat þess, að nokkra breytinga væri þörf á gera á lögum sambandsins, með tilliti til þess, meðal annars, að nýtt félag bættist nú við.

Þá minntist formaður á afmælisrit sambandsins, lagði hann til að það væri haft til sölu á landsmótinu næsta sumar. Þá sagði formaður, að athugað hafi verið að koma á námskeiði í fundarsköpum og mælskulist, hann hafi rætt við forstöðumann Félagsmálastofnunarinnar um málið, og hafi hann gefið vilyrði fyrir því, að taka að sér slíkt námskeið næsta haust, og lagði formaður áherzlu á það mál.

Fjármál sambandsins taldi formaður góð, og væri það eitt af undirstöðuatriðum til athafna og árangurs samtakanna.

Þá gat formaður þess, að 7 stjórnarfundir hafi verið haldnir á árinu.

Að síðustu þakkaði hann samstarfsmönnum sínum í stjórninni, og félagsmönnum öllum ágætt samstarf.

Næst tók gjaldkeri sambandsins Sigurður Skarphéðinsson til máls, og skýrði frá reikningum þess.

Gjöld á árinu voru kr.	27.808,97
Tekjur á árinu voru kr.	41.642,83
Tekjuafgangur varð kr.	13.833,86
Skuldlaus eign sambandsins	kr. 64.197,54.

VII. Ýmis má til nefnda:

Sambandsformaður tók til máls. Hann hóf mál sitt með því að lesa upp inntökubeiðni í sambandið frá Æskulýðsfélaginu "Stjarnan" í Garðahreppi. Hann sagði að stjórnin hafi athugað lög þess og væru þau í samræmi við lög sambandsins, vísaði síðan málinu til nefndar.

Þá gerði hann nokkra grein fyrir lagabreytingum á sambandslögunum, sem stjórnin lagði til að gerðar verði, og lagði til að málinu væri vísað til laganefndar þingsins.

Engar umræður urðu um málið, og vísaði forseti þessum málum til laganefndar.

VIII. Landsmótið og ípróttamál:

Framsögumaður Sigurður Geirdal. Hann ræddi almennt ípróttamálin, og þann möguleika U. M. S. K. að sigra á næsta landsmóti. Sambandið ætti á að skipa sterkan handknattleiksflokk kvenna, stóran hóp frjálsípróttamanna, ágæta glímumenn, til að senda á landsmótið. Sundípróttin þurfi að vekja upp sem allra fyrst, svo hægt verði að senda keppendur á landsmótið í þeirri grein ípróttanna, og einnig í starfsípróttum. Þá gat Sigurður þess, að mjög áriðandi væri að hafa góða forystu ípróttahópsins á landsmótinu, og góða aðstoðarmenn í öllum greinum ípróttanna. Prúðmannleg framkoma væri mikils virði á slíkum mótum. Síðustu orð framsögumannsins voru þau, sigrun á næsta landsmóti. Næstur tók til máls Eyjólfur Magnússon. Ræddi hann um sundípróttina, möguleika á að koma á sundæfingum, og leita eftir góðum sundmönnum á sambandssvæðinu sem væntanlega keppendur á landsmótinu. Koma þurfi á sem fyrst sundæfingum. Sambandsformaður tók til máls í þessu sambandi, og ræddi um daufar undirtektir í þessu máli á síðasta ári, en vekja þurfi áhuga fyrir sundinu með einhverjum ráðum.

Sigurður Geirdal tók aftur til máls, og hvatti fundarmenn til starfa í sambandi við sundípróttina og einnig í starfsípróttum, og haldin verði keppni í báðum þessum greinum.

Síðan gaf forseti matarhlé.

VIX. Alit kjörnefndar:

Formaður nefndarinnar, Sigurður Geirdal, skýrði frá skipun nefnda þingsins, sem voru skipaðar þannig:

Ípróttanefnd:	Eyjólfur Magnússon
	Ingólfur Ingólfsson
	Þórður Guðmundsson
	Karl Karlsson
	Úlfar Armannsson

Allsherjarnefnd : Einar Kristjánsson
Daði Jónsson
Einar Ellertsson
Jón Höskuldsson
Steinar Lúðvíksson
Guðni Hermannsson

Fjárhagsnefnd : Sigurður Skarphéðinsson
Guðmundur Óskarsson
Hörður Ingólfsson
Hulda Þorsteinsdóttir
Auðunn Sveinbjörnsson

Laganefnd : Haukur Hannesson
Magnús Sæmundsson
Flemming Jessen
Grétar Kristjánsson
Gestur Guðmundsson

XI. Fréttir frá Sambandsfélögum :

Frá U.M.F. Bessastaðahrepps talaði Úlfar Ármannsson
Frá U.M.F. Breiðablik talaði Sigurður Geirdal
Frá U.M.F. Afturelding talaði Eyjólfur Magnússon
Frá U.M.F. Drengur talaði Haraldur Jónsson
og frá Æskulýðsfélaginu "Stjarnan" talaði Rögnvaldur Hjörleifsson.
Skýrðu þeir frá starfsemi félaganna á s.l. ári.

Forseti gaf síðan fundarhlé, og bað nefndir að taka til starfa.

XII. Skúli Þorsetinsson framkv. stj. U.M.F.Í. flutti ávarp. Færði hann sambandinu beztu kveðjur og árnaðaróskir frá U.M.F.Í.

XIII. Alit nefnda :

Laganefnd, farmsögumaður, Haukur Hannesson, gerði hann nokkra grein fyrir tilhögun nefndarinnar, og afhenti þingforseta þær síðan til atkvæðagreiðslu.

1. Breytingartillögur við sambandslögin.

Samþ. samhlj. þskj. I.

2. Tillaga um inntöku Æskulýðsfélagsins "Stjarnan".

Samþ. samhlj. þskj. II.

Engar umræður urðu um tillögurnar.

Ípróttanefnd, Framsögumaður Eyjólfur Magnússon, las hann upp tillögur nefndarinnar, sem voru þessar.

- | | |
|---------------------------------------|--------------------------|
| 1. Um sundmót. | Samþ. samhlj. þskj. III |
| 2. Um starfsípróttir. | Samþ. samhlj. þskj. IV |
| 3. Um knattspyrnumót. | Samþ. samhlj. þskj. V |
| 4. Um keppni við önnur sambandsfélög. | Samþ. samhlj. þskj. VI |
| 5. Um tafl- og bridge-keppni. | Samþ. samhlj. þskj. VII |
| 6. Um frjálsar ípróttir. | Samþ. samhlj. þskj. VIII |
| 7. Um þátttöku í landsmótinu. | Samþ. samhlj. þskj. VIV |

Engar umræður urðu um þessar tillögur.

Allsherjarnefnd, framsögumaður Einar Kristjánsson, las hann upp tillögurnar, sem voru þessar:

- | | |
|-----------------------------|--------------------------|
| 1. Um afmælisrit félagsins. | Samþ. samhlj. þskj. X |
| 2. Um ípróttabjálfa. | Samþ. samhlj. þskj. XI |
| 3. Um æskulýðsmál. | Samþ. samhlj. þskj. XII |
| 4. Um spjaldskrá. | Samþ. samhlj. þskj. XIII |
| 5. Um mælskunámskeið. | Samþ. samhlj. þskj. XIII |
| 6. Um norrænu skíðagönguna. | Samþ. samhlj. þskj. XV |

Umræður urðu um tillögu nr. 2, og tóku eftirtaldir til máls.

Hörður Ingólfsson, Einar Kristjánsson og þingforseti, sem lagði til að þessir tveir menn kæmu sér saman um breytingu á tillögunni, sömdu þeir svo nýja tillögu, sem var samþykkt samhljóða. Sjá þskj. XI

Fjárhagsnefnd, Framsögumaður Sigurður Skarphéðinsson, skýrði hann frá tillögum nefndarinnar, sem voru þessar:

- | | |
|-----------------------------------|---|
| 1. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. | Samþ. samhljóða með smá breytingu þskj. XVI |
| 2. Um skatta til sambandsins. | Samþ. samhlj. þskj. XVII |
| 3. Þakkir til styrkveitenda. | Samþ. samhlj. þskj. XVIII |

Um fjárhagsáætlunina tóku þessir til máls: Sigurður Geirdal, Sigurður Skarphéðinsson, Daði Jónsson, Haukur Hannesson, Hörður Ingólfs-son, og þingforseti. Ræddu þeir um kostnað vegna ípróttar, ípróttabúninga

og styrkveitingu Kópavogsbæjar til sambandsins, í lok umræðna voru það tilmæli þingforseta til sambandsstjórnar að sótt væri um hærri styrk til Kópavogsbæjar, heldur en stæði í fjárhagsáætluninni.

XIV. Kosning stjórnar og aðrar kosningar. Kjörnefnd lagði fram tillögu um menn í sambandsstjórn o. fl., sem voru samþ. samhljóða, og hafði Sigurður Geirdal orð fyrir nefndinni.

Sambandsstjórn :

Formaður : Úlfar Ármannsson
Varaformaður : Gestur Guðmundsson
Meðstjórnendur : Sigurður Skarphéðinsson
Olafur Þór Ólafsson
Bragi Friðriksson
Jón Ólafsson

Varamenn : Einar Ellertsson
Ingólfur Ingólfsson
Birgir Guðmundsson
Ólafur Haraldsson
Tómas Sturlaugsson
Jón G. Gunnlaugsson

Endurskoðendur : Lárus Halldórsson
Ólafur Ág. Ólafsson

Varamenn : Guðjón Kjartansson
Jón Ólafsson

Fulltrúar á þing F. R. Í. :
Lárus Halldórsson
Sigurður Geirdal
Ólafur Þór Ólafsson

Varamenn : Ingólfur Ingólfsson
Pálmi Gíslason
Karl Karlsson

Fulltrúar á þing U. M. F. Í. :
Lárus Halldórsson
Haukur Hannesson
Úlfar Ármannsson

Varamenn : Helgi Jónsson
Páll Olafsson
Steingrímur Sigurðsson

Fulltrúar á þing Í. S. Í. :

Jón M. Guðmundsson
Gestur Guðmundsson

Varamenn : Asbjörn Sigurjónsson
Sigurður Geirdal

Íþróttaráð :

Flemming Jessen
Ólafur Þór Ólafsson
Hallgrímur Sigurðsson
Ingólfur Ingólfsson
Ólafur Haraldsson

Varamenn :

Hörður Ingólfsson
Karl Haraldsson
Magnús Sæmundsson
Stefán Rafn Eypórsson
Einar Kristjánsson

Fulltrúar á þing K. S. Í. :

Daði Jónsson
Sigurður Skarphéðinsson
Guðmundur Óskarsson

Varamenn :

Tómas Sturlaugsson
Hallgrímur Sigurðsson
Grétar Norfjörð

Fulltrúar á þing H. S. Í. :

Jón M. Guðmundsson
Sigrún Ingólfsdóttir
Bragi Friðriksson

Varamenn :

Jón K. Guðmundsson
Guðjón Hjartarson
Bára Eiríksdóttir

Fulltrúar á Sundsambandsþing :

Eyjólfur Magnússon

Varamaður : Steinar Lúðvíksson

Héraðsdómstóll U. M. S. K. :

Axel Jónsson

XV. Önnur mál :

Hinn nýkjörni sambandsformaður Úlfar Armannsson tók til máls, þakkaði hann það traust sem sér væri sýnt, með því að kjósa sig fyrir formann sambandsins.

Hann taldi mikið starf vera framundan og hvatti alla félagsmenn til starfa.

Haukur Hannesson, fráfaraandi formaður, þakkaði samstarfsmönnum sínum í stjórninni ágætt samstarf, og óskaði sambandinum heilla í starfi. Þingforseti gerði fyrirspurnir til fulltrúa U. M. F. Breiðabliks, um það, hvort þeirra félag hefði í hyggju að slíta sig úr tengslum við sambandið. Sigurður Geridal varð fyrir svörum, og sagði að engin athugun hefði farið fram á því máli ennþá. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir þessum dagskrárlið.

XVI. Þingslit :

Þingforseti mæltist til þess, að frágang þinggerðar yrði falið sambandsstjórn og var það samþykkt.

Hann þakkaði fráfaraandi formanni Hauki Hannessyni ágætt starf og óskaði honum allra heilla.

Þingfulltrúum þakkaði hann samstarfið og óskaði þeim góðrar heimferðar, að svo mæltu sléit hann 42. þingi U. M. S. K.

Úlfar Armannsson

Gestur Guðmundsson

ÞINGSKJÖL

I. Breyting við 3. gr. sambandslaganna. Í stað febrúar komi nóvember.

4. gr.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á aðalfundum sínum o. s. frv. 1 fyrir hverja 2 tugi félagsmanna eða brot úr tug, 16 ára og eldri. Síðan greinin óbreytt.

5. gr.

Stjórn sambandsins skipar 1 mann frá hverju félagi. Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega og síðan meðstjórnendur í einu lagi og skipta þeir með sér verkum. Auk þess skal kjósa jafnmarga varamenn og taka þeir sæti aðalmanna síns félags í stjórninni.

Þá skal kjósa 2 endurskoðendur og 2 til vara. Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins sem skulu miðast við 1. okt. til 30. sept.

Síðan greinin óbreytt.

9. gr.

Breyting í stað 1. febrúar komi 1. nóvember o. s. frv.

II. Vegna inntökubeiðni frá Æskulýðsfélaginu "Stjarnan" í Garðahreppi, í U.M.S.K., leggjum við til að það verði tekið inn í sambandið með þeim fyrirvara að lög þess séu í samræmi við lög U.M.F.Í.

III. 42. þing U.M.S.K. skorar á stjórn sambandsins að gera nú þegar ráðstafanir til þess að koma á sundmóti sem fyrst, til að vekja áhuga fyrir sundíþróttinni á sambandssvæðinu.

Í framhaldi af því að koma á reglulegum æfingum til þjálfunar fyrir væntanlega keppendur á Landsmóti U.M.F.Í.

IV. 42. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til væntanlegrar stjórnar, að leita uppi færa menn í hinar vandasamari greinar starfsíþróttar, og komi af stað kennslu í þeim vegna væntanlegs landsmóts að Laugarvatni, þannig að væntanlegir keppendur hafi öðlast góðan undirbúning. Í því sambandi viljum við benda stjórninni á, að nauðsynlegt sé að koma á mótinu.

V. 42. þing U.M.S.K. samþykkir, að skora á væntanlega stjórn sambandsins að beita sér fyrir knattspyrnukeppni í sem flestum flokkum innan sambandsins.

- VI. 42. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til stjórnarinnar að athuga möguleika á keppni við önnur héraðssambönd.
- VII. 42. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til stjórnarinnar að teknar verði upp keppnir í taflí og bridge eins og verið hefur.
- VIII. 42. þing U.M.S.K. skorar á væntanlega stjórn sambandsins að beita sér fyrir að skipuleggja frjálsar íþróttir á sambandssvæðinu, m.a. með ráðningu þjálfara.
- IX. 42. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til stjórnar sambandsins, að skipuleggja nú þegar undirbúning að þátttöku sambandsins í væntanlegu landsmóti U.M.F.Í. að Laugarvatni.
- Í þessu sambandi vill þingið benda stjórninni á að setja sig í samband við stjórnir félaganna til að tryggja örugga framkvæmd undirbúningsstarfsins.
- X. Allsherjarnefnd er því meðmælt að afmælisrit sambandsins verði haft til sölu á Landsmóti U.M.F.Í. að Laugarvatni næsta sumar, en telur ekki ástæðu til að ritið verði haft til sölu eftir það, a.m.k. ekki á mótum.
- XI. Allsherjarnefnd beinir því til stjórnarinnar, að hún hafi forgöngu í ráðningu íþróttþjálfara fyrir Landsmót U.M.F.Í. að Laugarvatni í sumar. Kynni hún sér þarfir félaganna fyrir þjálfara og hvetji þau til að notfæra sér hann. U.M.S.K. taki þátt í þjálfarakostnaði, eftir því sem fjárhagur leyfir.
- Allsherjarnefnd hvetur félögin til að hafa Landsmótið sem hvatningu til mikilla átaka í íþróttum.
- Allsherjarnefnd leggur til að stjórnin athugi hvort hægt sé að koma á samæfingum íþróttafólks vegna komandi landsmóts.
- XII. Allsherjarnefnd tók fyrir samræmingu á störfum æskulýðsráðs á sambandssvæðinu. Nefndin vísar til þingskjals nr. 5 frá 41. þingi U.M.S.K., en bendir jafnframt á, að samræming á störfum þeirra sé að mestu einkamáls hvers félags fyrir sig.
- XIII. Allsherjarnefnd þakkar störf stjórnarinnar í sambandi við spjaldskrána, og væntir þess að félögin haldi hana samviskusamlega.
- XIV. Allsherjarnefnd vísar til fyrri samþykktar þings U.M.S.K. um námskeið, um fundarsköp.

XV. 42. þing U.M.S.K. skorar á væntanlega stjórn sambandsins, að hvetja sambandsfélögin til þátttöku í Norrænu skíðalandsgöngunni.

XVI.

Tekjur :

Skattar og iðgjöld	kr. 11.000,00
Styrkur úr sýslusj. Gullbr. sýslu	" 5.000,00
" " " Kjósarsýslu	" 12.000,00
" " bæjarsj. Kópavogskaupstaðar	" 4.000,00
" " úr Búnaðarsambandi Kjalarnesþings .	" 1.000,00
Útbreiðslustyrkur Í.S.Í.	" 9.000,00
Vextir	" 500,00
Innk. fr. spjaldskráreyðublöð	" 300,00
	<hr/>
	kr. 42.800,00

Gjöld :

Skattar og iðgjöld	kr. 9.000,00
Stjórnarkostnaður	" 5.000,00
Kostnaður v/íþróttamóta og landsmóts	" 26.000,00
Annar kostnaður	" 2.800,00
	<hr/>
	kr. 42.800,00

XVII. 42. þing U.M.S.K. ákvarðar að skattur félaganna til U.M.S.K. skuli vera óbreyttur, eða kr. 15,00 af hverjum skattskyldum félagi.

XVIII. 42. þing U.M.S.K. þakkar þeim aðilum, sem hafa styrkt sambandið með fjárframlögum vegna starfsemi þess.

--- " ---